
ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2019-2020

ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2019-2020

lögð fram á 42. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

Föstudaginn 8. maí 2020 í Hannesarholti

Efnisyfirlit

1.	Félagið og verkaskipting.....	4
2.	Stjórnarfundir FÍLA.....	7
3.	Fulltrúaráðsfundur FÍLA	7
4.	Félagsfundir FÍLA.....	8
5.	Norrænir fundir	8
6.	IFLA Alþjóðlegt samstarf	8
7.	Aðrir viðburðir	9
8.	Félagsmenn og nýliðun	9
9.	Umsókn LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi hjá IFLA Europe	10
10.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál.....	10
11.	Kynningarmál	10
12.	Samráð, samstarf og samskipti	11
13.	Verðlaun og viðurkenningar.....	11
14.	Hönnunarmiðstöð	12
15.	Framtíðarsýn og næstu verkefni	12
16.	Viðaukar:	13
I.	DAGSKRÁRNEFND FÍLA.....	14
II.	LAGANEFND FÍLA.....	15
III.	SAMKEPPNISNEFND FÍLA	16
IV.	MENNTANEFND FÍLA.....	17
V.	IFLA FULLTRÚI	18
VI.	FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMIÐSTÖÐ	22
VII.	ORÐANEFND FÍLA	24
VIII.	FULLTRÚI FÍLA Í NEFND UM HEIMASÍÐU HÖNNUNARMIÐSTÖÐVAR	25
IX.	GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA	26
X.	SIÐANEFND FÍLA.....	28

Stjórn FÍLA

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður

Þuríður Ragna Stefánsdóttir, ritari

Dagbjört Garðarsdóttir, gjaldkeri

Björk Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Svava Þorleifsdóttir, meðstjórnandi

1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

A. Skipan stjórnar

Stjórn 2019-2020:

Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður

Puríður Ragna Stefánsdóttir, ritari

Dagbjört Garðarsdóttir, gjaldkeri

Björk Guðmundsdóttir, IFLA fullrúi og meðstjórnandi

Svava Þorleifsdóttir, fulltrúi Hönnunarmiðstöðvar og meðstjórnandi

B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2019-2020

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

Dagskrárnefnd:

Hlutverk dagskrárnefndar er að skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Fríða Björg Eðvarðsdóttir

Stefán Jónsson

Hlynur Gauti Sigurðsson

Ulla Rolfsigne Pedersen

Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppnisnefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir

Björn Ingi Edvardsson

Ólafur Melsted

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Ingvar Ívarsson

Arnar Birgir Ólafsson

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

Menntanefnd:

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Guðmundur Rafn Sigurðsson
Ragnar Frank Kristjánsson
Hildur Dagbjört Arnardóttir

C. Nefndir um afmörkuð málefni.

Orðanefnd:

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Auður Sveinsdóttir
Áslaug Traustadóttir
Stefán Jónsson
Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

Siðanefnd:

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Þórólfur Jónsson
Erla Bryndís Kristjánsdóttir
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Áslaug Traustadóttir

Skoðendur reikninga FÍLA:

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2019-2020:

Finnur Kristinsson
Þórólfur Jónsson

D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

HönnunarMars 2020

Svava Þorleifsdóttir, Íris Reynisdóttir og Lilja Kristín Ólafsdóttir sáu um uppsetningu sýningu í tengslum við Hönnunarmars, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.

Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA sér um heimasíðu og netumsjón. Lilja Kristín Ólafsdóttir sat í samstarfsnefnd Hönnunarmiðstöðvar um sameiginlega heimasíðu undir hatti Hönnunarmiðstöðvar. Stefnt er á að ný heimasíða Hönnunarmiðstöðvar opni í maí 2020.

Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.

Fulltrúar starfsárið 2019-2020:

Einar E. Sæmundsson
Auður Sveinsdóttir

Garðsöguhópur.

Hópurinn var stofnaður fyrir um 10 árum síðan og hefur einbeitt sér að heimildasöfnun um garða og varðveislu þeirra. Nefndin hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd. Greinargerðin *Garðar – lifandi minjar* var afhent Minjastofnun fyrir réttu ári síðan um mánaðarmótin apríl maí 2019. Skýrslan fór einnig í dreifingu hjá FÍLA, Minjastofnun og Samgus þegar leið á sumarið.

Fulltrúar starfsárið 2019-2020:

Einar E. Sæmundsen
Auður Sveinsdóttir

Fulltrúar í ritstjórnnum.

Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab

Fulltrúar starfsárið 2019-2020:

Ulla R. Pedersen

E. Fulltrúar FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaganna, þ.e. IFLA Europe og IFLA World. IFLA-fulltrúi FÍLA er Björk Guðmundsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe. Samkvæmt lögum félagsins er fulltrúinn einnig meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöðinni

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Svava Þorleifsdóttir sem hefur séð um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina og situr jafnframt sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbraut LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomurlagi sveinsprófa.

Fulltrúi undanfarin ár hefur verið Elízabet Guðný Tómasdóttir

Fagnefnd skráðgarðyrkjubrautar við LBHÍ

Fulltrúi 2019-2020 er Gunnar Gunnarsson og Ólafur Melsted til vara.

Stjórn Myndstefs

Fulltrúi 2019-2020 er formaður FÍLA.

Votlendisráð

Fulltrúi FÍLA í votlendisráði er Guðrún Birna Sigmarsdóttir.

2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru 12 stjórnarfundir á starfsárinu (7 árið 2019 og 5 árið 2020). Margir fundanna voru fjarfundir, sem stafaði m.a. af því að formaður er búsettur á Selfossi, töluvert var um ófærð veturinn 2019-2020 og Covid-19 faraldurinn gerði það að verkum að ákjósanlegt var að funda gegnum fjarfundarbúnað. Stjórn fundaði einnig í húsnaði Verkís og í húsnaði Landsvirkjunar, á Kjarvalsstöðum og öðrum stöðum. Stjórnin nýtti sér ekki aðstöðu Hönnunarmiðstöðvar við Aðalstræti 2 til fundarhalds, og heldur ekki eftir að miðstöðin flutti að Tryggvagötu 17.

3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA

Ekki tókst að koma á fundi í fulltrúaráði haustið 2019 og varð því enginn fulltrúaráðsfundur haldinn þetta starfsárið. Formaður fundaði hins vegar með dagskrárnefnd og undirbúningshópi GA2020 til þess að leggja línur fyrir starfsárið.

Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundi.

4. Félagsfundir FÍLA

Almennir félagsfundir voru áætlaðir þrír á árinu, tveir fyrir og einn eftir áramót. Fundinum eftir áramót var aflýst sökum veðurs og síðar meir vegna Covid-19 faraldursins.

- **29. okt. 2019.** Haustfundur félagsins var haldinn í húsakynnum Garðyrkjufélagsins. Efni fundarins var annars vegar Garðar – lifandi minjar, þar sem Einar Sæm. og Auður kynntu vinnu garðsöguhópsins og útgáfu... Einnig mætti Pétur Ármannsson fyrir hönd Minjastofnunar Íslands vegna fyrirhugaðrar tillögu að friðlýsingu garða. Hins vegar fluttu Björk, Fríða, Einar Á. Sæm og Svanhildur örerindi um IFLA ráðstefnuna í Osló, Common Ground.
- **28. nóv. 2019.** Jólafundur félagsins var haldinn í Listasafni Einars Jónssonar, Eiríksgötu 3. Þar var helst á dagskrá kynning á undirbúningi GA2020 og Footprints in Landscape ráðstefnunnar sem halda á haustið 2020 í Reykjavík. Hermann Georg sagði frá undirbúningnum. Einnig fengu viðstaddir stutta kynningu á safninu og verkum Einars Jónssonar, en áhersla var einnig lögð á góðar veitingar og létt spjall meðal félagsmanna.
- **28. febrúar 2020.** Fundinum var frestað, en halda átti hann í húsakynnum Landsvirkjunar að Háaleitisbraut 68. Jón Kristófer frá LBHÍ, Hlynur Gauti og Björk ætluðu að halda þar fræðsluerindi um mikilvægi fjölbreytni í gróðurvali í tengslum við hlýnun jarðar ofl.

5. Norrænir fundir

Boðað var til norræns stjórnarfundar á Ási í Noregi þann 17. sept. 2019, í tengslum við IFLA WORLD CONGRESS í Osló. Vegna breyttrar dagskrár IFLA WORLD council var fundinum frestað. Á GA fundi IFLA Europe í Antalya Tyrklandi dagana 9.-10. nóv. 2019 hittist norræni hópurinn á óformlegum fundi m.a. til þess að ræða nýja fundardagsetningu. Sá fundur hefur verið boðaður í Svíþjóð í lok ágúst 2020.

Helstu samstarfsverkefni norrænu félaganna eru eftirfarandi:

- Tilnefningar til IFLA Sir Geoffrey Jellicoe verðlauna
- Stuðningur og tilnefningar til norrænna fulltrúa í IFLA
- Stuðningur og verkefnaval til að auka sýnileika IFLA
- Sameiginleg fagleg umræða

Danska tímaritið LANDSKAB fagnaði 100 ára afmæli 20. febrúar 2020 og af því tilefni var boðað til fagnaðar í Kaupmannahöfn. Ulla R. Pedersen, fulltrúi FÍLA í ritstjórn Landskab mætti fyrir hönd félagsins og færði ritstjórn LANDSKAB gjöf og árnaðaróskir.

6. IFLA Alþjóðlegt samstarf

IFLA World ráðstefna var haldin í Osló dagana 18. – 20. sept. 2019, undir heitinu Common Ground. Aðalfundur IFLA World council var haldinn rétt á undan eða dagana 16. – 17. sept. Hermann Gunnlaugsson stjórnarmaður í IFLA Europe og Björk Guðmundsdóttir IFLA fulltrúi sátu fundinn, auk þess sem Svanhildur Gunnlaugsdóttir formaður FÍLA tók þátt í síðasta deginum, aðallega til að funda með fulltrúum norrænu félaganna. Aðalfundurinn var haldinn að Ási.

Fjölmarginir FÍLA félagar sóttu sjálfa ráðstefnuna í Osló og þar hélt Einar Á. Sæmundsen erindi fyrir hönd félagsins á svokallaðri *nordic session* og Einar E. Sæmundsen kynnti bók sína *Að búa til ofurlíttinn skemmtigarð* á sameiginlegri bókakynningu. Auk FÍLA félaga frá Íslandi, mættu þónokkrir íslenskir landslagsarkitektar búsettir

og starfandi í Noregi á ráðstefnu og hafa því verið um 20 íslenskir landslagsarkitektar saman komnir á ráðstefnunni. Ráðstefnan tókst mjög vel og fór þátttaka fram úr björtustu vonun ráðstefnuhaldara.

IFLA Europe aðalfundurinn var haldinn í Antalya Tyrklandi í 9.- 10. nóvember 2020. Þema fundarins og ráðstefnunnar sem haldin var í tengslum við fundinn var *Landscape as a collective memory*. Formaður sótti fundinn að þessu sinni og flutti Pecha Kucha erindi fyrir hönd félagsins og kynnti fyrirhugaðan aðalfund, GA2020 og ráðstefnu undir heitinu *Footprints in Landscape*, sem haldin verður á Íslandi 2020. Hermann Georg Gunnlaugsson sat fundinn fyrir hönd IFLA Europe og var hann kosinn nýr gjaldkeri IFLA Europe, en hafði áður gegnt embætti professional practice committee chair. Það verður að teljast mikil viðurkenning fyrir svo lítið félag sem FÍLA er að vera trúað fyrir ábyrgðarstörfum innan IFLA Europe.

Næsti GA fundur í IFLA Europe er áætlaður í Reykjavík nú í haust og hefur FÍLA unnið ötullega að undirbúningi fundarins og ráðstefnu í tengslum við hann. Vegna Covid-19 faraldursins ríkir nokkur óvissa um fundinn, hvort hann verður haldinn á Íslandi á réttum tíma, verði frestað eða breytt í fjarfund. Að sama skapi er á þessum tímamarki óljóst hvort ráðstefnan verði haldin sökum ástandsins.

Undirbúningshópurinn hefur unnið í nánú samstarfi við ritara IFLA Europe og fundað gegnum fjarfundabúnað. Stjórn IFLA Europe mun funda um miðjan maímánuð og m.a. ræða Reykjavíkurfundinn.

Ný heimasíða hefur verið tekin í gagnid fyrir IFLA Europe, og er slóðin www.iflaeurope.eu.

Sjá nánar skýrslu IFLA fulltrúa í viðauka.

7. Aðrir viðburðir

- Einar E. Sæmundsen hélt erindi sem nefndist *Konan og garðurinn*, í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð 20. júlí 2019.
- 18. okt. 2019 var haldinn morgunfundur á vegum Grænni byggðar, um skólalóðir þar sem Hermann Georg Gunnlaugsson flutti erindi um skólalóðir í sambandi við sjálfbærar samgöngur.
- Hönnunarmars, sem vera átti í mars venju samkvæmt, var frestað vegna Covid-19, og verður haldinn dagana 24.-26. júní 2020. Þar mun FÍLA í samstarfi við AÍ og Grænni byggð halda sýningu sem nefnist *OG HVAÐ SVO? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun*.
- Málþing á vegum Skipulagsstofnunar, *Lífið í landslaginu*, sem lokahnykkur í kynningarátaki um landsskipulagsstefnu átti að halda 30. mars 2020 en var frestað vegna Covid-19 faraldursins. Þar átti Dagný Bjarnadóttir að halda erindi undir heitinu *Hönnun betri hegðun*.

8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2019-2020 eru 83 og 10 námsmenn eða samtals 93.

Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er 72 (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðangreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2020 miðast við 27. apríl 2020.

Skipting:	2020	2019	2018	2017	
• A-gjald er fullt félagsgjald	68	67	68	69	félagsmenn
• B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	4	4	5	4	félagsmenn

C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.	7	8	14	12	félagsmenn
D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	10	11	14	12	félagsmenn
Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	4	4	4	3	félagsmenn

Engin umsókn barst um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári.

9. Umsókn LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi hjá IFLA Europe

Umsóknarferli LBHÍ um viðurkenningu á Bsc námi í umhverfisfræði hófst fyrir nokkrum misserum og er nú á lokasprettinum. Formaður og menntanefnd fengu umsóknargögn til umsagnar og sá formaður FÍLA um að lesa yfir og koma með ábendingar, sem síðan voru bornar undir nýjan brautarstjóra, Kristínu Pétursdóttur. Formaður og brautarstjóri funduðu síðan að Keldnaholti. Í umsókninni kom m.a. fram að heiti brautarinnar hefur nú verið breytt og er nú talað um BS nám í landslagsarkitektúr og skipulagsfræðum í stað umhverfisbrautar.

Niðurstaða þessa ferlis var sú að formaður skrifaði meðmælabréf til menntanefndar IFLA Europe þar sem mælt var með því að Bsc nám í landslagsarkitektúr við LBHÍ hlyti viðurkenningu menntanefndar IFLA Europe. Umsókn LBHÍ er nú í ferli hjá menntanefnd IFLA Europe og má búast við niðurstöðu innan tíðar. Það er mikið gleðiefni að þessum áfanga sé náð og bindum við vonir við að afgangi menntanefndar IFLA verði jákvæð.

10. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Engin samkeppni var haldin á starfsárinu en 2 sveitarfélög fengu ráðleggingar frá samkeppnisnefndinni við að útbúa umsókn um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til að halda samkeppni svipaða þeirri sem haldin var í Bolungarvík á síðasta ári.

Sif Pálsdóttir var skipuð sem fulltrúi FÍLA í dómnefnd í framkvæmdasamkeppni um brú yfir Fossvog og Þráinn Hauksson var skipaður fulltrúi FÍLA í hugmyndasamkeppni á vegum Hönnunarmiðstöðvar um götugögn fyrir Borgarlínu.

Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar í viðauka.

11. Kynningarmál

GA fundur Ifla Europe og Footprints in landscape

Í tengslum við fyrirhugaðan GA2020 fund og ráðstefnu var stefnt að opnun heimasíðu fyrir viðburðinn, *Sjá nánar skýrslu undirbúningshóps.*

Heimasíða FÍLA

Heimasíðan er lykill að upplýsingum um hvað félagið hefur að bjóða bæði almennum notanda og félagsmönnum. Ritari FÍLA hefur séð um að koma fréttum og málefnum þar inn. Ekkert hefur verið gert til að breyta eða bæta hana og ljóst að það eru hægt að nýta síðuna enn frekar og auka upplýsingaflæði til félagsmanna.

Facebooksíða FÍLA

Facebooksíðan FÍLA – hópur fyrir félagsmenn, er virk og setja félagsmenn þar fréttir og tilkynningar. Þar geta allir sett inn tilkynningar og efni skylt faginu og facebookin er lifandi miðill sem er hægt að nota, en á þó ekki að koma í stað heimasíðu. Það hefur komið til tals að virkja síðu sem myndi ná útfyrir félagsmenn og vera kynningarsíða og verður það skoðað í tengslum við nýja heimasíðu undir hatti Hönnunarmiðstöðvar.

Ritnefndafulltrúar FÍLA og tímarit um hönnun og arkitektúr HA

Á árinu 2019 voru gefin út 2 tölublöð. Formenn aðildarféлага í Hönnunarmiðstöð hafa verið með útgáfu HA undir ströngu eftirliti og aðhaldi. Tímaritið hefur að undanförunu tekið nokkrum breytingum með nýjum ritstjóra. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar og hugsað til sparnaðar. Hvert tímarit er gefið út sjálfstætt.

Framtíðarsýn aðildarfélaganna er að HA verði áfram metnaðarfullt tímarit þar sem fjallað verði um hönnun og arkitektúr, en að hugsanlega verði gefin út færri eintök á pappírsformi og aukin áhersla lögð á það efni sem birt er á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar.

Greinar í blöð

IFLA fulltrúi skrifaði grein í Fréttablaðið um ályktunina á IFLA ráðstefnunni í Osló, sem bar yfirskriftina „Landslag og loftslagsvá“ sem birtist 19. desember 2019

12. Samráð, samstarf og samskipti

• Samvinna AÍ og FÍLA

Hönnunarmars og hugmyndir að samstarfi AÍ, innanhúss og að sameiginlegum námskeiðum, en rætt hefur verið um sameiginlegan kynningarfund FÍLA, AÍ, og FHI.

• Samvinna LBHÍ og FÍLA

Formaður sótti stefnumótunarfund á Hvanneyri í ágúst þar sem hagaðilar skólans voru kallaðir saman. Stjórn FÍLA var einnig boðið að vera viðstödd kynningu á umsækjendum um lektorsstöðu, en tveimur umsækjendum var boðið til Íslands til þess að kynna sig og sín störf. Enginn úr stjórn átti heimangengt en aðrir félagar úr FÍLA sóttu kynningarfundina.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár, þá eru veitt verðlaun fyrir góðan námsárangur við útskrift Bsc nema við Umhverfisbraut (nú landslagsarkitektúr) við LBHÍ. FÍLA gaf bók Einars E. Sæmundsen *Að skapa ofurlitinn skemmtigarð* við það tilefni.

- **GÍ, skráðgarðyrkjumeistarar** - fundað var með formanni skráðgarðyrkjumeistara.
- **Fagrað votlendissjóðs.** Í fagraði votlendissjóðs sitja Bjarni Jónsson – framkvæmdastjóri votlendissjóðs, Borgþór Magnússon – Náttúrufræðistofnun Íslands, Jón Haukur Steingrímsson – EFLA, Tómas Grétar Gunnarsson – Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi, Sunna Áskellsdóttir – Landgræðsla ríkisins og Guðrún Birna Sigmarisdóttir – FÍLA.

13. Verðlaun og viðurkenningar

- Steinbryggjan hlaut íslensku lýsingarverðlaunin 2020 í flokki lýsingaverkefna utanhúss. Landmótun og Mannvit hönnuðu lýsinguna.
- Einar E. Sæmundsen hlaut styrk frá Hönnunarsjóði til þess að kynna bók sína á IFLA Europe ráðstefnunni í Osló.

14. Hönnunarmiðstöð

Hönnunarmiðstöð er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Svava Þorleifsdóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Hönnunarmiðstöð flutti aðsetur sitt á árinu, frá Aðalstræti 2 að Tryggvagötu 17 á árinu. Ný heimasíða Hönnunarmiðstöðvar hefur verið í undirbúningi í um ár og er Lilja Kristín Ólafsdóttir fulltrúi FÍLA í vinnuhópnum. Til stendur að heimasíður allra aðildarfélaga verði hluti af heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar, en enn verði þó hægt að fara inn á heimasíðu FÍLA gegnum slóðina www.fila.is.

Sjá nánar skýrslu fulltrúa í Hönnunarmiðstöð og samning við Hönnunarmiðstöð í viðauka.

15. Framtíðarsýn og næstu verkefni

- GA2020 og IFLA ráðstefna á Íslandi, *Footprints in landscape* eða *Fótspor í landslagi*. Enn ríkir óvissa um hvort þessir viðburðir verði samkvæmt áætlun en mikill tími og orka margra félagsmanna hefur farið í undirbúning.
- Samstarf við Minjastofnun um friðlýsingu nokkurra garða og útgáfa leiðbeiningarrits vegna verndunar lifandi minja.
- Kynning á félaginu til nýútskrifaðra landslagsarkitekta og kynning á faginu út á við.
- Nýtt efni á heimasíðu, einnig á ensku.
- Aukið samstarf við LBHÍ um endurmenntun ofl.
- Réttindamál landslagsarkitekta og staða þeirra innan hönnunargeirans.

16. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi og undirbúningsnefnd fyrir GA2020
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Ritnefndarfulltrú vegna heimasíðugerðar
- IX. Garðsöguhópur FÍLA
- X. Siðanefnd
- XI. Fulltrúi FÍLA í ritnefnd Landskab

I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA

Ársskýrsla dagskrárnefndar

Í nefndinni starfsárið 2019-2020:

Fríða Björg Eðvarðsdóttir frida@vso.is

Stefán Jónsson stefan.jonsson@efla.is

Ulla R. Pedersen ullaogragnar@gmail.com

Hlynur Gauti Sigurðsson kvikland@gmail.com

Helstu viðfangsefni dagskrárnefndar voru:

1. Að móta tillögu að dagskrá fyrir veturinn -Fundir og umfjöllumarefni -fræðsluefni.
2. Erindi barst til nefndarinnar frá Einari E Sæmundsen um að kynna betur verkefni um verndun garða.
3. Ráðstefnur – Réttindi barna í umhverfinu, Grænni byggð
4. Fundarstaður í vetur
5. Skemmtidagskrá -jólafundur
6. Og. fl.

Dagskrárnefnd hélt nokkra símafundum á árinu.

1. Dagskrárnefnd stóð að undirbúningi félagsfundar sem haldinn var í husakynnum GÍ í október. með dagskrá um kynningu frá Garðsöguhópnum og umfjöllun um IFLA fundinn og ráðstefnuna Common Ground IFLA frá Osló.

Undirbúningur fyrir jólafund/nóvembergleði í samstarfi við stjórn. Fundarstaður Listasafn Einars Jónssonar. Umræða og hugmyndir um 2020 Fótspor í landslagi.

Eftir áramót var unnið að undirbúningi morgunverðarfundar sem blásinn var af vegna veðurs.

3. Á fundi dagskrárnefndar var rætt um að standa fyrir fagumæðu um t.d.:

Skógrækt- landgræðsla. Hvaða svæði gætu hentað til skógræktar og hvaða verkfæri eru til að ákvarða það. Hvernig er unnið með landslagsgreiningu og val á landssvæðum. **Votlendi- endurheimt votlendis.** Hvaða verkefni er verið að vinna að -hvaða landsvæði er hægt að horfa til og hvaða aðferðir. Vera með einn fund þar sem er verið að taka á stóru mælikvörðunum og stóra skipulaginu. Fá góða fyrirlesara innan og utan félags: t.d Stefán Gíslason, og Guðrúnu Birnu votlendismálin. Hvað er verið að vinna í þessu í Umhverfisstofnun, Landgræðslunni.

Footprint. Fundur um efni ráðastefnunnar í október 2020. Stutt örerindi og setja áherslu á hvaða fyrirlesara FÍLA geti boðið á Evrópu fundinum í október.

4. Umræða hefur verið í dagskrárnefnd um að það sé áhyggjuefni að félagið hafi hvergi góða fundaraðstöðu. Husakynni Hönnunarmiðstöðvar væri ekki að henta til félagsfunda. Fundarsalur væri lítill og illa útbúinn. Það hefur ekki verið kannað hvort nýtt húsnæði Hönnunarmiðstöðvar sé betur sniðið að fundarhaldi fyrir félagið.

Dagskrárnefnd hefur hist á símafundum. *Niðurstaða að símafundur getur nýst í 3-4 manna spjall. Nauðsynlegt að hittast til að ræða og koma með ákvarðanir og góðar hugmyndir.*

*Fleira gerðist ekki hjá dagskrárnefnd.
Fríða Björg Eðvarðsdóttir 7. maí 2020*

II. LAGANEFND FÍLA

Laganefnd FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2019-2020 vegna aðalfundar 8. maí 2020

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varða lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins.

Starfsárið 2019-2020 skipuðu nefndina Ingvar Ívarsson formaður, Sigurbjörg Áskelsdóttir og Arnar Birgir Ólafsson.

- Laganefndinni barst í apríl 2020 erindi frá stjórn FÍLA um að fara yfir tillögu að breytingu á lögum félagsins sem tekin verður fyrir á næstkomandi aðalfundi félagsins.

Tillagan snýst um fyrirkomulag stjórnar félagsins (11.gr.) þar sem tveir meðstjórnendur, sem fara með formennsku í dagskrárnefnd annars vegar og menntanefnd hins vegar, bætast við stjórn en IFLA fulltrúi og fulltrúi félagsins í Hönnunarmiðstöð eiga ekki lengur sæti í stjórn félagsins en eru stjórninni til aðstoðar um málefni sem tengjast verkefnum viðkomandi embætta.

Þá er hlutverk fastanefnda (Almenn félagsmál) skilgreint betur (13.gr.A) og garðsöguhóp bætt við sem fastanefnd undir Sérstök mál (13.gr.B).

Nefndin gerði ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

- Laganefndin vann í mars 2019 tillögu að breytingu á lögum félagsins sem tekin var fyrir á aðalfundi félagsins 2. maí 2019.

Tillagan snerist um að bæta við ákvæði um aðild að Myndstefi í lögin og var eftirfarandi bætt inn sem 2. mgr. í 14. grein (undir „D. Stjórn og aðild að öðrum samtökum“): „Allir fullgildir félagsmenn FÍLA verða sjálfkrafa félagsmenn í samtökunum Myndstefi - Myndhöfundasjóði Íslands. Tilgangur samtakanna er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundarréttargæslu“.

Tillagan var samþykkt.

Akureyri, 24. apríl 2020, fyrir hönd laganefndar

Ingvar Ívarsson, formaður laganefndar FÍLA

III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA

Skýrsla Samkeppnisnefndar FÍLA starfsárið 2019-2020.

Nefndarskipan: Á síðasta starfsári var nefndarskipan sú sama og á starfsárinu þar á undan, Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted og Hlín Sverrisdóttir (formaður).

Verkefni nefndarinnar: Engin samkeppni var haldin á starfsárinu en 2 sveitarfélög fengu ráðleggingar frá samkeppnisnefndinni við að útbúa umsókn um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til að halda samkeppni svipaða þeirri sem haldin var í Bolungarvík á síðasta ári.

Stykkishólmur fékk styrk frá sjóðnum til að halda samkeppni og er samkeppnisnefndin byrjuð að vinna að undirbúningi framkvæmdasamkeppni með sveitarfélaginu. Eins og staðan er núna þá er stefnt að því að samkeppnin verði sett á laggirnar í byrjun sumars.

Önnur aðkoma félagsmanna að samkeppnum á árinu var að Sif Pálsdóttir var skipuð sem fulltrúi FÍLA í dómnefnd í framkvæmdasamkeppni um brú yfir Fossvog og Þráinn Hauksson var skipaður fulltrúi FÍLA í hugmyndasamkeppni á vegum Hönnunarmiðstöðvar um götugögn fyrir Borgarlínu.

Samkeppnisnefndin hélt nokkra fundi á árinu og mun eftir sem áður halda áfram að vakta það sem er í gangi og skoða alla möguleika á því að koma að samkeppnum fyrir hönd FÍLA.

Samkeppnisnefnd

IV. MENNTANEFND FÍLA

Nefndin hélt einn fund á árinu en að öðru leyti voru þau mál sem komu inná borð nefndarinnar afgreidd í tölvupóstssamskiptum.

Nefndin á að vera stjórn félagsins til ráðuneytis varðandi að fara yfir umsóknir um inntöku nýrra félaga og meta hvort umsækjandi uppfyllir menntunarkröfur í samræmi við lög félagsins. Fékk nefndin tvær slíkar umsóknir til umsagnar. Formaður menntanefndar fór á fund haustið 2010 sem boðaður var af rektor Lbhí, en þar var kynnt ný stefna háskólans.

Nefndin fékk til skoðunar umsókn Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri (Lbhí) til skólanefndar IFLA-Europe um að fá námið við námsbrautina í Umhverfisskipulagi metið til Bachelor í Landslagsarkitektúr og þá í leiðinni að breyta nafni námsbrautarinnar í Bachelor í Landslagsarkitektúr. Er þetta vinna sem staðið hefur yfir í nokkurn tíma. Nefndin fór yfir umsóknina og þau gögn sem henni fylgdu. Hafði nefndin lítið við umsóknina að athuga enda búið að leggja mikla vinnu hana að hálfu Lbhí í samvinnu við Menntamálaráðuneytið og stjórn FÍLA. Taldi nefndin það fagnaðarefni að breyta eigi nafni námsbrautarinnar í B.Sc. landslagsarkitekt. Stefnt er að heimsækja skólann í haust til að ræða við brautarstjóra og kennara.

Tekið saman sumardaginn fyrsta 21. apríl 2020

Ragnar Frank Kristjánsson, formaður

Hildur Dagbjört Arnardóttir

Guðmundur Rafn Sigurðsson

V. IFLA FULLTRÚÍ

SKÝRSLA IFLA FULLTRÚA 2019-2020


IFLA

Komin er ný og endurbætt heimasíða fyrir IFLA EUROPE, sem er að finna undir <https://www.iflaworld.com/>. Félagsmenn eru hvattir til að skoða heimasíðu IFLA og undirsíðu IFLA Europe en þar eru settar reglulegar fréttir um hvað er að gerast í samtökunum, upplýsingar um alþjóðlegar ráðstefnur, hvers kyns viðburði og samkeppnir.

Alþjóðleg ráðstefna IFLA WORLD var haldin í Osló, dagana 18-20.september með yfirskriftina



„Common Ground“. Þetta var 56. þing IFLA WORLD COUNCIL og um 18 FÍLA félagar¹ sóttu ráðstefnuna, sem var afar áhugaverð, skemmtileg og vel skipulögð. Enn er hægt að skoða efnið á síðunni <https://www.ifla2019.com/>. Á sama tíma hélt NMBU, Norges miljø- og vitenskapelige universitet upp á 100 ára afmæli menntunar í landslagsarkitektúr á Ási.



Á hverjum aðalfundi er ályktað um brýnustu málefni. IFLA WORLD lýsti yfir neyðarástandi vegna loftslags og líffræðilegs fjölbreytileika og með því bætist rödd IFLA við vaxandi lista yfir samtök um

¹¹ Nokkrir af þeim eru reyndar búsettir í Noregi og vinna þar.

allan heim sem krefjast meiri aðgerða af hendi stjórnvalda. IFLA *ClimateACTION* lagði fram framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsamtökin. Áherslatriði hennar eru m.a. að vera stuðningur við ríkistjórnir til viðurkenningar á alþjóðlegu neyðarástandi, að siðareglum aðildafélaga verði breytt til samhljóms við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og sjálfbærrar þróunar, samvinna við opinberar stofnanir og frjáls félagasamtök til að stuðla að skjóttum aðgerðum, samstarf við birgja til að efla sjálfbærni í iðnaði, draga úr kolefnisfótspori IFLA félaga, auka fræðslu, þekkingu, nothæf verkfæri og leiðbeiningar til að stuðla að vistvænni hönnun, sjá nánar <https://www.iflaworld.com/newsblog/ifla-declares-a-climate-and-biodiversity-emergency>.



Í framhaldinu skrifaði IFLA fulltrúi grein í Fréttablaðið um ályktunina, fagið og landslagssamning Evrópu, af því tilefni sem bar yfirskriftina „Landslag og loftslagsvá“ sem birtist 19. desember 2019.

Aðalfundur IFLA Europe var haldinn 8.-10.nóvember í Antalya, Tyrklandi og tveggja daga ráðstefna var haldin 6-7.nóvember í tengslum við aðalfundinn eins og oft áður. Yfirskriftin var „*Landscape as a collective memory*“ og *Pecha Kucha* örerindi frá IFLA fulltrúunum voru haldin á fyrsta degi aðalfundar. Formaður FÍLA Svanhildur Gunnlaugsdóttir og Hermann Georgi Gunnlaugssyni sem gegnir embætti *Vice President of Professional Practice* fyrir IFLA Europe, sátu fundinn.

Nokkrir vinnuhópar eru í gangi hverju sinni og hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu IFLA og ef einhverjir félagsmenn FÍLA hafa áhuga á að taka þátt í starfi IFLA með því t.d. að starfa með vinnuhópum þá er margt í boði og viðkomandi hvattur til að setja sig í samband við IFLA fulltrúa FÍLA. Í vinnuhópunum er algengt að þar séu einstaklingar sem starfa á mismunandi sviðum IFLA. Eitt af því

sem IFLA Europe leggur áherslu er að auka sýnileika fagsins í ýmsum verkefnum á alþjóðavísu. Má þar nefna verkefni eins og um líffræðilegan fjölbreytileika **No net loss** og **Green infrastructure** hjá Evrópuráðinu, sjá nánar https://ec.europa.eu/environment/nature/biodiversity/nnl/index_en.htm

ELC þegar haldnir eru fundir eða ráðstefnur um þessi málefni hjá Evrópuráðinu sendir IFLA fulltrúa sinn til að mæta og tala fyrir málefni landslagsarkitekta. Nánar má lesa um fréttir um Evrópska landslagssáttmálann á <https://www.coe.int/en/web/landscape> og þar undir er að finna efni um t.d. menningararfleið (cultural heritage).

Professional Qualification Directive (PQD) (Professional practice requirements and Educational possibilities): Áfram er unnið að því að fá fagið samþykkt hjá Evrópusambandinu. Verkefninu miðar hægt áfram en Evrópusambandið gerir kröfu um að til að starfsheitið sé lögverndað og það þurfi a.m.k 10 lönd (EU/EC level) að hafa það lögverndað. Það er styttest í að sá árangur náist. <http://iflaeurope.eu/professional-practice/strategic-objectives-projects/professional-qualifications-directive-pqd/>

Næsti aðalfundur **IFLA EUROPE 2020** verður dagana 16-18. október 2020, í Reykjavík og boðið verður uppá dagsráðstefnu á undan. **FÍLA** mun sjá um fagráðstefnuna 15. október og aðalfundinn, þemað er „**Footprints in Landscape**“. Félagsmenn hvattir til að mæta á næsta á ráðstefnuna og taka þátt í skoðunarferðum, atburðum og sjálfböðavinnu. Næsti **IFLA WORLD Congress 2020** verður í Penang, **Malasíu** dagana 13-15. ágúst, sjá nánar, <https://www.ifla2020.com/>, þemað er „**Future-Tense**“.

Fyrirhugaðar ráðstefnur á næstu árum eru:

<u>IFLA WORLD</u>	<u>IFLA EUROPE</u>
2020 Malaysia	2020 Ísland
2021	
2022 Gwangju, Korea	

Aðalstyrktaraðili IFLA EUROPE var Van der Berk og Hunter Industries. Aðildarlönd IFLA Europe styrkja The Landscape Architecture Europe Foundation (LAE) sem er verkefni stofnað af EFLA á sínum tíma. Meginmarkmiðið er að gefa út bækur um Evrópskan landslagsarkitektúr. Nánar má lesa um verkefnið og panta bækur á heimsíðunni: <https://www.landscapearchitectureeurope.com/>. Fimmta bókin var gefin út 2018. Verið er að óska eftir verkefnum, og er umsóknarfrestur til 1. júní 2020.

Í stjórn IFLA EUROPE sitja Karin Helms formaður (President), Hermann Georg Gunnlaugsson gjaldkeri (Treasurer) og Urszula Forchek-Brataniec ritari (Secretary general). Aðrir formenn nefnda eru; Katerina Gkoltsiou fagnefnd (Vice President Professional Practice), Darija Perkovic samskiptanefnd (Vice President Communication) og Margarida Cancela d'Abreu menntanefnd (Vice-President for Education).

GA2020 á Íslandi

Í vinnslu er undirbúningur fyrir GA2020 á Íslandi og hefur stýrihópurinn unnið baki brotnu að undirbúningi fyrir aðalfundinn og ráðstefnu. Viðburðurinn verður dagana 15-18. október. Stefnt er á að halda samkeppni fyrir nemendur og nýliða sem verður opnuð með hátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur föstudaginn, 16. október. Samið hefur verið við SENU til að koma okkur til aðstoðar með skipulagningu og undirbúning. Stýrihópurinn hefur hist um 12 sinnum. Nokkrir verkefnishópar eru einnig til aðstoðar, þeir eru eftirfarandi:


Verkefnishópur- ORGANISING TEAM

1. Stýrihópur GA 2020 - Programme Committee

- Hermann Georg Gunnlaugsson (verkefnistjóri / Chair and finance and Sponsorship)
- Björk Guðmundsdóttir (IFLA delegate / GA organiser)
- Fríða Björg Eðvarðsdóttir (social committee)
- Jóhann Sindri Pétursson


- Jón Rafnar Benjamínsson
- 2. **Fjármál og styrkir - Finance and Sponsorship**
 - Hermann Georg Gunnlaugsson (chair)
 - Sif Hjaltdal Pálsdóttir
 - Dagbjört Garðarsdóttir (FÍLA treasurer)
- 3. **Samskipti og markaðsmál - Communication Committee**
 - Jón Rafnar Benjamínsson (chair)
 - Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir
 - Anders Terp
- 4. **Skemmtinefnd - Social Committee**
 - Fríða Björg Eðvarðsdóttir (chair)
 - Björn Jóhannsson
 - Marta María Jónsdóttir
 - (Einar Ásgeir Sæmundsen – Þingvellir/UNESCO Site)

Ráðinn var grafískur hönnuður til að hanna lógó fyrir atburðinn sem lítur eftirfarandi út.



Ráðstefnan verður 15. október í Reykjavík, nánari staðsetning kemur síðar. Verið er að setja saman pakka með skoðunarferðum og heimasíðu, sem er í vinnslu með lénið **www.ga2020.is**. Nokkrir styrkir og styrktaraðilar hafa samþykkt að styðja fjárhagslega við viðburðinn, en verið er að vinna í að fá fleiri. Þemað fyrir viðburðinn er „Fótspor í landslagi – Framtíðarsýn“ (e. „Footprints in Landscape - Vision for the future“). Ráðstefnan mun verða heilsdagsviðburður sem skiptist í eftirfarandi: *Risafótspor í landslagi* (e. Macro Footprint in Landscape) og *Lítill fótspor í landslagi* (e. „Micro Footprint in Landscape“).

Tímalína í október 2020



*Björk Guðmundsdóttir,
IFLA fulltrúi, 21.04.2020.*

VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Hönnunarmiðstöð Íslands 2019-2020

Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenskri hönnun fyrir þjóðfélagið allt. Hönnunarmiðstöð stuðlar að framgangi Íslenskra hönnuða erlendis, enda eru þar stór tækifæri fyrir íslenska hönnun og framleiðsluvörur.

Hönnunarmiðstöðin heldur utan um Hönnunarmars, HA – tímaritið, Hönnunarsjóðinn, Hönnunarverðlaun Íslands og Góðar leiðir auk þess sér hún um fagraðstefnu tengda Hönnunarverðlaununum og SmallTalks fyrirlestrarröðina.

Árið 2019-2020 var tólfta starfsár Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Vinna við nýja heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar hófst á starfsárinu og mun væntanlega opna á sumarmánuðum. Félög Hönnunarmiðstöðvar hafa tekið virkan þátt í þeirri vinnu en UENO sér um hönnun síðunnar. Ný heimasíða Hönnunarmiðstöðvar er ætlað að vera verkfæri þar sem hönnuðir og arkitektar sameinast og miðla því sem verið er að vinna að á sviðinu. FÍLA mun færa sína heimasíðu yfir á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar.

Hönnunarmiðstöð Íslands kvaddi Aðalstræti 2 í desember 2019 eftir þrjú góð ár en miðstöðin flutti skrifstofu sína og alla starfsemi á aðra hæð á Tryggvagötu 17, Hafnarhúsinu.

Viðbrögð við Covid-19 faraldrinum

Hönnunarmiðstöð Íslands sendi frá sér könnun dagana 7.-14. apríl varðandi áhrif Covid-19 á starfsemi á sviði hönnunar og arkitektúrs. 483 svör bárust frá stjórnendum, launafólki og sjálfstætt starfandi hönnuðum og arkitektum úr fjölbreytilegum greinum. Af niðurstöðunum er ljóst að ástandið hefur alvarlegar afleiðingar. Í könnuninni var kallað eftir tillögum að viðspyrnu, til að efla atvinnulíf á sviðinu með áherslu á gæði, sjálfbærni og virðisauka til framtíðar.

Til þess að vinna gegn samdrætti í hagkerfinu í kjölfar heimsfaraldurs vegna Covid-19 var ákveðið samkvæmt þingsályktun að fela Hönnunarsjóði að úthluta 50 milljónum til átaksverkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs. Styrkir verða veittir til margvíslegra verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs og lögð áhersla á verkefni til þróunar nýsköpunar, menningarlífs og atvinnusköpunar með þverfaglegri nálgun. Umsóknarfrestur rennur út 18.maí og úthlutun er áætluð 29.maí 2020.

HönnunarMars 2020

HönnunarMars er stærsta hönnunarhátíð landsins sem sameinar allar greinar hönnunar; *fatahönnun*, *arkitektúr*, *húsgagna-* og *innan hússhönnun*, *grafíska hönnun* og *vöruhönnun*. Á hátíðinni er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki í samtímanum. Vegna fordæmalausra aðstæðna í kjölfar heimsfaraldurs var ákveðið að færa HönnunarMars til sumars en hátíðin mun fara fram dagana 24.- 28 júní 2020. Hátíðin hefur verið haldin í mars frá stofnun Hönnunarmiðstöðvar. Ákvörðunin var tekin að vel ígrunduðu máli og í samtali við þátttakendur og samstarfsaðila. Þórey Einarsdóttir er nýr stjórnandi HönnunarMars.

Á HönnunarMars í ár mun FÍLA ásamt Arkitektafélagi Íslands og Grænni byggð sameinast í sýningu sem ber yfirskriftina “Og hvað svo? Hið byggða umhverfi og hamfarahlýnun”. Hvernig geta arkitektar haft áhrif á hlýnun jarðar? Fjallað verður um framtíð hins byggða umhverfis og hvaða lausnir eru til staðar og í þróun til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. Sýningin fer fram í Ráðhúsi Reykjavíkur og verður opnuð miðvikudaginn 24.júní. Í vinnuhóp FÍLA eru Íris Reynisdóttir, Lilja Kristín Ólafsdóttir og Svava Þorleifsdóttir og Guðrún Birna Sigmarisdóttir.

Hönnunarsjóður

Úthlutanir Hönnunarsjóðs voru fjórar á árinu 2019 og verða þrjár á árinu 2020 ásamt auka úthlutun 50 milljóna vegna átaksverkefna í kjölfar heimsfaraldurs.

Umsóknarfrestur í aðra úthlutun Hönnunarsjóðs á árinu rann út þann 15. apríl síðastliðinn. Alls bárust 126 umsóknir um 237 m. sem er um 30% aukning og ljóst að um metfjölda umsókna er að ræða en sjóðurinn veitti 20 m. að þessu sinni. Það er ljóst að ástandið í kjölfar Covid-19 faraldursins hafði áhrif á fjölda umsókna. Úthlutun Hönnunarsjóðs fer fram þann 14. maí 2020.

Hönnunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og er tekjustofn hans árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum. Í ár er samanlagt framlag til sjóðsins 100 milljónir króna og fer Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. með umsýslu sjóðsins.

Hönnunarverðlaun Íslands 2019

Þann 14. nóvember var hátíðleg stemming í lðnó þar sem Hönnunarverðlaun Íslands 2019 voru afhent Genki Instruments. Manfreð Vilhjálmsson, arkitekt, hlaut Heiðursverðlaun Hönnunarverðlauna Íslands sem veitt voru í fyrsta sinn í ár. Önnom fékk viðurkenningu fyrir bestu fjárfestingu í hönnun 2019. Fyrr um daginn fór fram málþing tengt verðlaunum undir yfirskriftinni Hannað í hring - hönnun sem tæki til að þróa nýjar leiðir og sjálfbærar lausnir. Fjallað var um sjálfbærar byggingar, matarhönnun, hönnun velferðarkerfis, hönnun sjálfbærra efna og hvernig hægt er að skilja og einfalda flókin kerfi með hönnun. Að erindum loknum voru svo snarpar pallborðsumræður um hlutverk hönnunar með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi sem stjórnandi málþingsins Fanney Birna Jónsdóttir, fjölmiðlakona stýrði.

Góðar leiðir

Góðar leiðir er samheiti tveggja verkefna sem Hönnunarmiðstöð Íslands hefur verið falið að leiða á sviði *innviðahönnunar ferðamannastaða með náttúru-, minjavernd og sjálfbæra ferðaþjónustu að leiðarljósi*. Umræða um innviði ferðamannastaða; *öryggi, aðstöðu og þolmörk* hefur verið áberandi síðan ferðamönnum fór fjölgandi eftir hrun. Góðar leiðir samheiti yfir tvö verkefni. Annars vegar samstarfsverkefni um *aukna eflingu fagþekkingar, hönnunar og samræmingu við uppbyggingu innviða* sem skilgreint er í landsáætlun um uppbyggingu innviða og styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Í samstarfinu taka þátt ólíkar opinberar stofnanir sem allar eiga það sameiginlegt að hafa umsjón með verkefnum á sviði innviða ferðamannastaða. Í hópnum sitja til að mynda fulltrúar frá Þjóðminjasafni, Ferðamálastofu, Vatnajökulspjórðgarði en alls sitja 8 fulltrúar frá 8 ólíkum stofnunum í samstarfshópnum. Hins vegar er svo verkefnið *Norræn hönnun í norrænni náttúru* sem er hluti af formennskuverkefni Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, Gagnvegir góðir.

Góðar leiðir er í senn stefnumótandi verkefni og hönnunarverkefni. Með náttúru- og minjavernd og sjálfbæra ferðaþjónustu að leiðarljósi er markmiðið að auka gæði innviða ferðamannastaða. Það verður gert með því að efla samtal og fagþekkingu og skerpa á hlutverki hönnunar sem leiðandi afl í uppbyggingu innviða. Verkefnið er hugsað til næstu ára og felur meðal annars í sér samráðsfundi í ólíkum landshlutum, gerð merkingarhandbókar, kortlagningu á innviðum og fyrirmyndalausnum sem og þróun kennsluefnis sem styðja við umhverfisvænar leiðir og lausnir í innviðahönnun ferðamannastaða

Gerður Jónsdóttir arkitekt er verkefnastjóri Góðra leiða og Anna María Bogadóttir arkitekt er ráðgjafi í verkefninu. Í fagraði verkefnisins sitja reynslumiklir hönnuðir hver á sínu sviði.

Tímaritið HA

Tölublöð 9 og 10 af tímaritinu HA litu dagsins ljós árið 2019. Auk þess mun verða gefin út sérútgáfa af HA í tengslum við HönnunarMars þar sem var að finna dagskrá hátíðarinnar í bland við ritstýrt efni sem var sent heim til áskrifenda og dreift frítt til hátíðargesta.

Útgáfa 10. tölublaðs HA í nóvember markaði fimm ára afmæli tímaritsins, sem eru merk tímamót í útgáfu fagrita um íslenska hönnun og arkitektúr.

VII. ORÐANEFND FÍLA

SKÝRSLA ORÐANEFNDAR 2019-2020

Verkefni orðanefndar FÍLA eru eftirfarandi:

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengill við Ísl. málstöð og Orðabók HÍ.

Á síðasta aðalfundi var voru eftirfarandi skipuð í nefndina:

1. Auður Sveinsdóttir
2. Áslaug Traustadóttir
3. Stefán Jónsson
4. Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir

Frá síðasta aðalfundi hefur lítil (engin) virkni verið hjá nefndinni.

Að hluta til má skrifa það á forystuleysi formanns, en ekki síst að félagsmenn hafa því miður ekki sent fyrirspurnir eða hugmyndir sem tilefni var til að vinna úr sbr. Hugmyndir og tilmæli frá ársskýrslu 2018:

„ Spurningin er samt sem áður hvernig best er að standa að þeirri vinnu og teljum við að rétt sé að það verði tekið til umræðu meðal félagsmanna. Til greina kemur að hvetja félagsmenn til að senda okkur í nefndinni orð/ hugtök sem þeir nota ástæða er til að öðlist íslenskt heiti – sem við reynum síðan að vinna úr og birta . Allar tillögur um framhaldslíf orðanefndar eru því vel þegnar! “

Eftir sem áður er full ástæða til að halda málinu vakandi því mikilvægt er að vinna í orðabanka fyrir okkar fag, landslagsarkitektúr og eru félagsmenn því hvattir til að vera í sambandi við nefndina.

Hinsvegar geri ég undirrituð tillögu um að nýr formaður verði skipaður !

3.mái 2020

Auður Sveinsdóttir

VIII. FULLTRÚI FÍLA Í NEFND UM HEIMASÍÐU HÖNNUNARMÍÐSTÖÐVAR

HÖNNUNARMÍÐSTÖÐIN – SAMEIGINLEG HEIMASÍÐA

Fyrir um ári síðan var tekin ákvörðun hjá Hönnunarmiðstöðinni að setja af stað vinnuhóp sem skoða á sameiginlega heimasíðu fyrir öll aðildarfélögin sem eiga Hönnunarmiðstöðina. Fyrsti fundur var í maí mánuði 2019. Á þeim fundi var rætt um að fá aðila frá fyrirtæki Ueno sem sérhæfir sig í svona vinnu til að skoða og koma með hugmyndir að uppsetningu. Í Nóvember á síðasta ári var sú vinna kynnt og lítur vel út.. Unnið var áfram með þessa útfærslu og var nánari útlit og vinnsla á síðunni kynnt núna á fjarfundi í apríl. Hún er einföld og skilar sínu á skilvirkan hátt. Hvert aðildarfélag fær sitt svæði á síðunni annað hvort með tengingu inn á virka síðu félaga eða búa til alveg nýja síðu inn á sameiginlegum vefi. Staðan í dag er sú að nú er verið að vinna efni á síðuna hjá Hönnunarmiðstöð. Stjórn Fíla hefur tekið þá ákvörðun að færa allt sitt efni inn á nýjan vettvang. Nú hefst vinna við að koma efni Fíla inn á okkar svæði á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar.

Takk takk fyrir hönd FÍLA

Lilja Kristín Ólafsdóttir



IX. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA

Ársskýrsla Garðsöguhóps FÍLA 2019-2020

Garðar- lifandi minjar

Ársskýrsla þessi byggir á minnisblaði sem var sent til stjórnar FÍLA í upphafi árs 2020.

Garðsöguhópur FÍLA var upphaflega myndaður í kringum síðustu aldamót af nokkrum félögum sem töldu nauðsynlegt að vekja athygli á þeirri menningararfleifð sem felst í gördum. Það tók hópin talsverðan tíma að átta sig á og kortleggja bæði hugmyndafræðina og aðferðir. Styrkur frá Fornleifasjóði (2016) sýndi hinsvegar fram á að þetta væri mikilvægt og bæði styrkti og efldi vinnuna.

Undanfarin 2-3 ár hefur hópurinn því einbeitt sér að því hvernig best er að standa að friðun gamalla garða.

Í upphaflega hópnum voru: Ásta Camilla Gylfadóttir - Auður Sveinsdóttir - Einar E. Sæmundsen - Samson B. Harðarson og Þórhildur Þórhallsdóttir, en endasprettinn sáu þau EES og AS um.

Greinargerðin *Garðar – lifandi minjar* var afhent Minjastofnun fyrir réttu ári síðan um mánaðamótin apríl maí 2019. Skýrslan fór einnig í dreifingu hjá FÍLA, Minjastofnun og Samgus þegar leið á sumarið. Hún á því að vera aðgengileg víðsvegar.

HVAÐ SVO? Það vakna áleitnar spurningar eftir vel heppnaða ráðstefnu (2018) og útkomu greinargerðarinnar, *GARÐAR – lifandi minjar- Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða*, (2019).

Það hefur verið ofarlega í hug okkar sem staðið hafa að þessari vinnu að koma henni á framfæri og fylgja eftir og þróa áfram. En við gerum það ekki ein og sér, efnið þarf að komast víðar og til þeirra sem bera ábyrgð á gömlum gördum, útivistarsvæðum og skipulagi.

Spurningar sem vakna hjá okkur eru tvíþættar – annarsvegar staða Garðsöguhópsins innan FÍLA og hinsvegar – hver eiga næstu skref að vera.?

VERKEFNIN FRAMUNDAN

- Nauðsynlegt er að koma á sterkum, faglegum tengslum við Minjastofnun sem greinilega þarf á okkar fagþekkingu að halda, með ráðgjöf við ýmis verkefni. Áður en Covid hélt innreið sína var búið að bóka fund með Minjastofnun til að fara yfir stöðuna m.a. til að móta fyrstu skref í samstarfi framtíðarinnar.
- SAMGUS höfðu boðað fulltrúa Gsh. á vörfund samtakanna sem átti að halda í Hafnarfirði um miðjan apríl sl.. Fundinum var frestað til haustsins og verður skýrslan kynnt þá eins og til stóð.
- Aðalfundur skráðgarðyrkjumeistara verður haldinn 16.maí nk. og hefur EES verið boðið að koma á fundinn og kynna skýrsluna.

Okkur sýnist að það hvíli sú skylda á okkur sem að þessu stóðum undanfarin ár, að koma vagninum aftur á stað með nýjum áherslum og fleiri áhugasömum þátttakendum, en hvernig?

STAÐAN INNAN FÍLA.

- Á vinna okkar að verða enn eitt skúffuplaggið? Það væri býsna dapurlegt fyrir okkur sem landslagsarkitekta og sem hluta af okkar fagsviði.
- Hvert er hlutverk garðsöguhóps FÍLA? „Sérfræðingateymi“ FÍLA eða sérfræðingateymi FÍLA og fagfólks utan FÍLA og áhugafólks (stækka hópinn)?
- Upphaflegur hópur er á tímamótum. Það þarf að örva áhuga FÍLA félaga til að taka virkan þátt í þessu starfi. Það bíða áhugaverð verkefni til að takast á við.
- Sem lið í að örva og fjölga í hópinn þá er margt áhugasamt garðsögufólk utan við FÍLA sem væri hægt að fá til liðs við sig.
- Á FÍLA eða garðsöguhópurinn að hafa frumkvæði að víkka út faglega umfjöllun um næsta áfanga í málinu m.a. með því að kalla til samráðs og samvinnu áhugafólk og fagfólk?

Með þessari samantekt vonum við að þetta mál fái góða umfjöllun og framgang meðal félagsmanna okkar í FÍLA

2. Maí 2020 EES / AS

X. SIÐANEFND FÍLA

Ekki hefur borist skýrsla fyrir starfsárið 2019-2020

XI. FULLTRÚI FÍLA Í RITNEFND LANDSKAB

Ársskýrsla fulltrúa FÍLA í ritnefnd Landskab 2019-2020.

Fulltrúi tók ekki þátt í ritstjórnarfundum á þessu tímabil. Stefnt var að því að halda skype-fundi en það kom ekki til framkvæmdar. Teams er þægilegt forrit til fundar og ég reikna með að það verði notað oftari í framtíðinni.

Christina Capetillo tók til starfa sem ritstjóri í febrúar 2019. Núna eftir ár í starfi hefur hún þróað tímaritið, og fyrsta útgáfan í nýrri uppsetningu og hönnun var kynnt á afmælishátíðinni 20. febrúar 2020.

Varpað var upp þeirri hugmynd að stjórn FÍLA ætti að bjóða Christina til Íslands. Samstarf stjórnar FÍLA við Anne Marie Lund hefur verið langt og farsælt, og áhugi er fyrir að halda því áfram með Christina. Gott samstarf í þessu samhengi byggir á vinskapi, gagnkvæmum skilningi og virðingu. Christina er mjög áhugasöm um að heimsækja okkur.

Hátíð í tilefni 100 ára afmælis Landskab var haldin 20. febrúar 2020 í Akademisk Arkitektforening, Åbenrå 10, København. Fulltrúi FÍLA mætti og færði ritstjóra bókagjöf, afmælisbók FÍLA og *Að búa til ofurlítin skemmtigarð*, eftir Einar E. Sæmundsen ásamt afmæliskveðju frá stjórn FÍLA.

Ferð sem átti að fara til Þýskalands 24-26. apríl 2020 var frestað. Skoða átti IBA-See verkefnin í Fürst-Pückler Land, sem er nálægt Lausitz í suðausturhluta Þýskalands. Tilgangur ferðarinnar var að skoða námulandslag og umbreytingu á því í frístundasvæði með vötnum og grænum beltum (korridor) í fyrri iðnaðarsvæði. Þetta svæði er meðal stærstu landslagstilbúningar í Evrópu, þar sem brúnkolanámur verða sökkta í vatni eða nýtast sem tilraunasvæði meðal annars í bíomasseproduktion, eftir að námuvinnslu er hætt.

Ég býð mig aftur fram sem fulltrúi FÍLA í ritnefnd Landskab.

Góð kveðja,

Ulla Rolfsigne Pedersen